

hans, þó sum þeirra út af fyrir sig sje ekki 500 kr. virði, eða hvort sleppa eigi öllum húsum, sem ekki ná 500 kr. virðingu, þó þau sjeu eign eins manns.

21  
3. febr.

3, Nú sje öll húseign kaupmanns bundin þinglýstu veði, en veðbrjefið tilgreini ekki neina vissa upphæð, sem veð sje fyrir, heldur tiltaki með almennum orðum, að allt sem lántakandi á og eignast kann skuli vera í veði fyrir því, sem veðsetjandi á hverjum tíma, er lánardrottni skuldugur, og hvort þá megi heimta, að sá hinn sami kaupmaður skýri frá, hvað hann t. a. m. um árslok hvers árs var þessum lánardrottni skuldugur, og hvernig skuli að fara, ef kaupmaður neiti að skýra frá þessu.

Til þess að svara spurningum þessum, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar það, er nú segir:

1. Það virðist að vera ljóst af orðunum í 1. gr. laganna: «ef þau eru eigi notuð við ábúð á jörð þeirri, er metin sje til dýrleika», að umrædd hús verði að eins undanþegin húsaskatti, ef þau heyra til einhverrar jarðar, er metin sje til dýrleika sjer, eða að minnsta kosti til parts úr slíkri jörð, er tiltekinn er fyrir í viðkomandi afsalsbrjefi fastákveðinn hluti af dýrleika þeim, er jörðin er metin til.
2. Þar eð skatturinn samkvæmt 1. gr. laganna hvílir á «öllum húseignum», virðist andvirði allra þeirra húsa, er notuð eru í sameiningu sem ein húseign, eiga að teljast saman, þegar ákveða skal skattskyldu eignarinnar.
3. Þegar veðbrjef inniheldur ekki skýrslu um upphæð fjár þess, er eitthvert hús er veðsett fyrir, getur veðupphæðin ekki dregizt frá virðingarverðinu, nema því að eins, að hlutaðeigandi leiði gild rök að því, hve stór upphæð sú sje, er hann ávaxtar, og því samkvæmt 1. gr. laganna ber að draga frá virðingarverðinu.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Dalasýslu um tekjuskatt.* — Til þess að svara fyrirspurn yðar herra sýslumaður í þóknanlegu brjefi 15. f. m. um, hvernig eigi að beita lögum 14. desbr. 1877 um tekjuskatt, vil jeg þjónustusamlega tjá yður það, er nú segir.

22  
3. febr.

Með því að yfirskattanefndin samkvæmt 20. gr. nefndra laga á að semja skrá yfir tekjuskatt þann, er á að heimta saman á manntalsþingum í viðkomandi sýslu, verður hún eða formaður hennar, þegar eitthvað virðist rangt í skrá undirskattanefndarinnar, eða þegar eitthvað þykir óljóst, eða ekki nægilega sannað í slíkri skrá t. a. m., þegar vantar vottorð um veðskuld þá, er hvílir á fasteign einhverri sbr. 1. gr. laganna, að krefjast nákvæmari skýringa skattanefndarinnar um það, og eptir ástæðum lagfæra það, sem vantalið er eða oftalið. Skrá yfirskattanefndarinnar á að fylgja ársreikningnum fyrir tekjum landssjóðsins af reikningsumdæminu, sbr. stjórnart. B. 6—1879.

Samkvæmt 1. grein laganna á skattanefndin að virða til eptirgjalds jarðir þær, er eigandi sjálfur býr á, og ber yfirskattanefndinni eða formanni hennar að hafa hið sama eptirlit með þessari virðingu og jeg að ofan hefi tekið fram, að hann eigi að hafa með skattskránni í heild sinni.

— *Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til þess að láta prenta 2 náttúrufræðisrit.* — Eptir að jeg hefi meðtekið ummæli stiptsyfirvaldanna, í þóknanlegu brjefi frá 8. þ. m. um bónarbrjef, er hingað hafði borizt frá deild hins íslenzka bókmenntafjelags í Reykjavík, um 600 kr. styrk til að gefa út íslenzkar

23  
12. febr.